



Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 18. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 8. desember 2015
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson forseti,
Guðmundur Haukur Jakobsson aðalmaður,
Zophonías Ari Lárusson aðalmaður,
Anna Margrét Jónsdóttir aðalmaður,
Hörður Ríkharðsson aðalmaður,
Oddný María Gunnarsdóttir aðalmaður,
Sindri Páll Bjarnason aðalmaður,
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórður Pálsson, ritari.

Dagskrá:

1. Byggðaráð Blönduósbæjar - 46 - 1511013F

Fundargerð 46. fundar byggðaráðs lögð fram til afgreiðslu á 18. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liður 1.3 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

1.1 1511035 - Fjárhagsáætlun 2016 - tíundi fundur

1.2 1511034 - Fundargerð stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár - 18. nóvember 2015

1.3 1511031 - Beiðni um styrk til samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið" vegna ársins 2015

Afgreiðsla 46. fundar byggðaráðs staðfest á 18. fundi sveitarstjórnar 8. desember 2015 samþykkt með 6 atkvæðum Anna Margrét Jónsdóttir var fjarverandi við afgreiðsluna.

1.4 1509010 - Byggðakvóti 2015/2016

1.5 1511030 - Fundargerð Hafnarsambands Íslands dags. 16. nóvember 2015

1.6 1511037 - Fundarboð - almennur félagsfundur í Veiðifélagi Blöndu og Svartár

2. Byggðaráð Blönduósbæjar - 47 - 1511014F

Fundargerð 47. fundar byggðaráðs lögð fram til afgreiðslu á 18. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.

2.1 1511039 - Fjárhagsáætlun 2016



3. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 16 - 1511012F

Fundargerð 16. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar lögð fram til afgreiðslu á 18. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.

3.1 1510001 - Norðurlandsvegur 4, endurbætur og viðbygging - Umsókn um stækkun á byggingarreit ofl.

Afgreiðsla 16. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 18. fundi sveitarstjórnar 8. desember 2015 með 7 atkvæðum.

3.2 1510002 - Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi.

Afgreiðsla 16. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 18. fundi sveitarstjórnar 8. desember 2015 með 5 atkvæðum, tveir sitja hjá GHJ og ZAL .

3.3 1510003 - Hótel Blönduós

Afgreiðsla 16. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 18. fundi sveitarstjórnar 8. desember 2015 með 5 atkvæðum. ZAL sat hjá. OMG greiðir atkvæði á móti og leggur fram eftirfarandi bókun: "Oddný María Gunnarsdóttir telur að afgreiðsla þessi samræmist ekki stefnu sveitarstjórnar um að gamli bærinn verði "verndarsvæði í byggð". Hörður Ríkarðsson kom með eftirfarandi bókun: "Greiði atkvæði með þessum lið í trausti þess að fram komnar upplýsingar um lóðarstærðir á byggingarreit standist"

3.4 1511029 - Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Blönduósi.

Afgreiðsla 16. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 18. fundi sveitarstjórnar 8. desember 2015 með 6 atkvæðum. ZAL situr hjá.

4. Fjárhagsáætlun 2016 - síðari umræða – 1512003

Lögð fram fjárhagsáætlun 2016 til síðari umræðu. Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri, stiklaði á stóru í stefnuræðu sinni sem lögð var fram á fundinum. Bókun forseta sveitarstjórnar lögð fram á fundinum og fór hann yfir hana.

Bókun forseta sveitarstjórnar við umfjöllun fjárhagsáætlunar 2016 á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar þann 8. desember 2016.

„Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2016 var unnin af byggðaráði og hefur verið góð samvinna milli meirihluta og minnihluta um áherslur við fjárhagsáætlunargerð. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur vaxi um 66 milljónir frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2015 en gjöld um 65 milljónir kr. Launhækkunar skýra að mestu þessa hækkun gjalda. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 53 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir um 53 milljónir árið 2015. Veltufé frá rekstri er 94 m.kr. en var áætluð 88 m.kr. árið 2015. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuldir samstæðunnar haldi áfram að lækka og að skuldaviðmið verði um 113% af tekjum í árslok 2016. Stefnt er að sölu einnar íbúðar á árinu 2016. Fjárfestingar eru áætlaðar 57 m.kr. sem ætlaðar eru fyrst og fremst til viðhalds á eignum Blönduósbæjar. Stærsta einstaka framkvæmdin er viðhald á Hnjúkabyggð 27. Þá eru lagðir fjármunir til viðhalds og kaupa á búnaði í öllum deildum. Ekki er gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum í fjárhagsáætlun 2016 nema gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er áætluð jákvæð um 6 m.kr.



Í þriggja ára áætlun, fyrir árin 2017, 2018 og 2019, er gert ráð fyrir eignfærðum fjárfestingum að upphæð 120 m.kr. Gert er ráð fyrir lántöku upp á 110 m.kr. en jafnframt verði á þessum árum greidd niður lán um 255 m.kr. á því tímabili sem áætlunin nær til.

Sveitarstjórn vill þakka byggðaráði og starfsmönnum Blönduósbæjar fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki fjárhagsáætlunnar. Sveitarstjórn hefur átt gott samstarf við alla aðila við vinnu og þeirri stefnumörkun sem felst í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2016.“

Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,46% af hús- og lóðarmati.

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,46% af hús- og lóðarmati.

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,60% af hús- og lóðarmati.

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

Fráveitugjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,62 kr. á fm að lágmarki 8.300 kr.

Sorpgjöld:

Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 20.300,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Reglur um afslátt fasteignagjalda:

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2015.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 51.500,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2015 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að.....kr. 2.432.098 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.065.744 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að.....kr. 3.623.643 fá 100% afslátt.



Hjón með skattskyldar tekjur allt að.....kr. 4.669.093 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal byggðarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

8. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2016.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 1. maí.

Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2016. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarstofnar fasteignagjalda og reglur um afslátt fasteignagjalda 2016 bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 samhljóða atkvæðum.

Útvar: Útvarshlutfall 2016 verður hámarksútvar.

Miðað er við að útvarshlutfall Blönduósbæjar fyrir árið 2016 verður hámarksútvar, þ.e. 14,48% af útvarsstofni, að viðbætti hækkun sem kveðið verður á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli fyrirhugaðs samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fátlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Útvarshlutfallið var borið undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar:

	Verð skrá 2016
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Á BLÖNDUÓSI - GJALDSKRÁ	
Stakt gjald fullorðnir (18 ára og eldri)	900
10 miða kort fullorðnir (18 ára og eldri)	6.000
30 miða kort fullorðnir (18 ára og eldri)	12.000
Árskort fullorðinna (18 ára og eldri)	32.000
Stakt gjald börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	300
10 miða kort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	2.000
30 miða kort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	5.000
Árskort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	15.000
Leiga á handklæði	550
Leiga á sundfatnaði	550



Sundföt og handklæði	800
Leiga pr braut klst	3.200
Leiga fyrir alla sundlaugina 1 klst	12.500
Stakur tími	1.600
Stakur tími skólaverð (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	900
10 tíma kort - gildir í eitt ár	9.000
10 tíma kort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar - gildir í eitt ár	6.000
Mánaðarkort	10.000
Mánaðarkort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	7.000
3 mánaða kort	16.500
3 mánaða kort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	12.000
6 mánaða kort	23.500
6 mánaða kort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	17.000
Árskort	43.000
Árskort, börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	30.500
Leiga á sal 1/1 1 klst.	7.500
Leiga á sal 1/3 1 klst.	3.800
Leiga á sal 2/3 1 klst.	5.500
Norðursalur 1 klst.	3.800
Fótbolti stakir tímar (1½ klst.)	750
Fótbolti fyrirframgreitt fyrir tímabilið sept. – des. Einu sinni í viku	9.000
Badminton stakir tímar (1½ klst.)	750
Badminton fyrirframgreitt fyrir tímabilið sept. – des. Tvisvar í viku.	15.000
Körfubolti stakir tímar karlar og konur (1 klst.)	600
Körfubolti fyrirframgreitt fyrir tímabilið sept. – des. Tvisvar í viku	11.500

Gildir frá 1. janúar 2016.

Gjaldskrá fyrir Íþróttamiðstöðina á Blönduósi borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Aðrar gjaldskrár Blönduósbæjar eru samþykktar óbreyttar frá fyrra ári.

Miklar umræður urðu um fjárhagsáætlunina. Að umræðum loknum var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun 2017 - 2019 - síðari umræða – 1512004

Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir 2017-2019 lögð fram til síðari umræðu. Að umræðum loknum var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

6. Breyting á nefndarskipan – 1508006

Tilkynning frá L-lista um skipun fulltrúa í menningar-, tómstunda og íþróttanefnd sem frestað var á síðasta fundi. Skarphéðinn Einarsson er tilnefndur aðalfulltrúi í menningar-, tómstunda og íþróttanefnd í stað Kára Káasonar.

Tilkynning frá J-lista um breytingar á skipun fulltrúa á ársþing SSNV og varamanns í stjórn bs. um Tónlistarskóla A-Hún. Valdimar Guðmannsson verður varafulltrúi á ársþing SSNV í stað Kristínar Jónu Sigurðardóttur. Erla Ísafold Sigurðardóttir verður varamaður í stjórn bs. um Tónlistarskóla A-Hún. í stað Kristínar Jónu Sigurðardóttur.

Ekki komu fram aðrar tilnefningar og skoðast þau því réttkjörinn.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:23

Valgarður Hilmarsson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Anna Margrét Jónsdóttir

Hörður Ríkharðsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Sindri Páll Bjarnason

Arnar Þór Sævarsson

Þórður Pálsson
